

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 25. stjórnarfundar, haldinn 30. apríl, 2024 í Borgartúni 26 kl. 12:40-14:45.

Mætt voru: Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson sat fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup á fasteignum sem hafa verið metin óviðgerðarhæf af NTÍ

Á fundinum var lögð fram tillaga framkvæmdastjóra um kaup fimm á eignum sem hafa verið metnar óviðgerðarhæfar af Náttúruhamfaratryggingu Íslands (altjónshús). Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Ákveðið að fela framkvæmdarstjóra að stilla upp drögum að bréfum til eigenda/umsækjenda þar sem gerð er grein fyrir því að félagið hafi fengið uppfært áætlað brunabótamat á þessum eignum frá Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun og að félagið hafi í hyggju að miða kaupverð við þá fjárhæð. Þegar drögin liggja fyrir verði málin tekin aftur fyrir á stjórnarfundi til afgreiðslu. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna þar sem fermetrafjöldi hafði breyst umtalsvert frá 9. nóvember og fram að umsókn um sölu.

Á fundinum var lögð fram tillaga framkvæmdastjóra um kaup á þremur eignum þar sem fermetrafjöldi eignar hafði breyst mikið frá því að náttúruhamfarir hófust í Grindavík 10. nóvember 2023 og fram að umsókn um sölu. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Kaupin voru samþykkt með þeim fyrirvara að fullnægjandi skýringar fáist á því frá Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun, eða eftir atvikum Grindavíkurbæ, að eðlilegar skýringar séu á auknum fermetrafjölda. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup á fasteignum sem voru taldar kalla á sérstaka skoðun

Á fundinum var lögð fram tillaga framkvæmdastjóra um kaup á átta eignum sem höfðu að mati stjórnar kallað á sérstaka skoðun við fyrstu yfirferð stjórnar af ólíkum ástæðum m.a. vegna aldurs og útlits á myndum á opinberum vefsíðum. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í sex tilvikum. Tvær eignir töldust þurfa enn frekari skoðun. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

4. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur verður 1. maí kl. 09:30 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 14:45.

Óskar Jósefsson
Guðrún Þorleifsdóttir
Aron Kári Ágústsson